



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Utanríkismálanefnd  
Alþingis

Reykjavík, 11 desember 2022

## Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland

487. mál.

Sjá breytingatillögur:

e-liður Að sporna við röskun á lífsskilyrðum og búsetu vegna loftslagsbreytinga, m.a. með samdrætti í kolefnislosun, orkuskiptum, grænni fjárfestingu og virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að bregðast við loftslagsbreytingum.

5. Um e-lið.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu um þjóðaröryggi um e-lið, segir:

Loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa alvarleg áhrif á lífsskilyrði, búsetu og pólitískan og samfélagslegan stöðugleika á heimsvísu. [Allt bendir nú](#) til að hlýnun lofthjúps jarðar haldi áfram næstu áratugi í takti við [sívaxandi mikla](#) losun gróðurhúsalofttegunda.

Loftslagsbreytinga verður vart á flestum sviðum sem snerta áherslur þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Þær [geta leitt leiða](#) til aukinnar tíðni náttúruhamfara og aftakaveðurs og [hafat nú þegar](#) margvísleg áhrif á náttúrufar og vistkerfi. Þær geta haft alvarlegar og langvarandi afleiðingar fyrir samfélag og efnahag, t.d. að því er varðar samgönguöryggi, orkuöryggi, matvælaöryggi, fæðuöryggi og samfellda virkni þýðingarmikilla innviða samfélagsins.

Náttúruhamfarir og ofsaveður geta ógnað mikilvægum innviðum samfélagsins og loftslagsbreytingar auka hættu á tjóni. Mikilvægt er því að lögð sé áhersla á þennan veigamikla áhættuþátt í stefnunni.

Súrnun sjávar [tengister vaxandi útblæstri á koltvísýringi tengd loftslagsbreytingum sem þar sem hana má rekja má til bruna kola olíu og gasstílosunar gróðurhúsalofttegunda og aukins styrks koltvísýrings í andrúmslofti og sem](#) hafið tekur til sín að stórum hluta.

Súrnunin getur [muna](#) hafat alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki sjávar, þar á meðal ýmsar nytjategundir á borð við skelfisk, [verði ekki brugðist við og hækkun hitastigs takmörkuð við 1.5°C](#). Súrnun, hlýnun og mögulegar breytingar á hafstraumum geta valdið [margvíslegum og ófyrirsjáanlegum breytingum áhruni í](#) vistkerfi [hafsins hafsins til langs tíma og þar með haft áhrif á fiskveiðar og fiskeldi](#).

Þar sem loftslagsbreytingar eru hnattrænt vandamál skiptir miklu máli að stjórnvöld taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að bregðast við þeim. Um leið þurfa þau að beita sér fyrir víðtæku samstarfi hér á landi um aðgerðir sem eru til þess fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga.

[Náttúruverndarsamtök Íslands gera eftirfarandi breytingartillögur:](#)

Stefna Íslands í loftslagsmálum er sannarlega ekki skýr og gagnsæ. Einkum er samstarf og samningagerð við Evrópusambandið þokukennt. Í landsframlagi Íslands til Loftslagassamningsins segir ekkert um hver hlutdeild Íslands í markmiði Evrópusambandsins um samdrátt í losun um 55% skuli vera. Heldur [segir](#):<sup>1</sup>

Iceland's enhanced ambition target of 55 per cent net emissions reduction refers to the joint target of the countries involved; the individual share and commitments of each country is then determined by commonly agreed rules.

Economy-wide, net emission reductions by at least 55% in 2030 compared to base year emissions. The target covers all sectors and greenhouse gases. Iceland seeks to fulfil the enhanced ambition through climate cooperation with the European Union and Norway. Iceland's enhanced ambition target of 55 per cent net emissions reduction refers to the joint target of the countries involved; the individual share and commitments of each country is then determined by commonly agreed rules.

Ísland hefur aldrei kynnt markmið um hlutdeild sína í markmiði Evrópusambandsins um samdrátt í losun. Nú 57%.<sup>2</sup>

Samstarfið við Noreg er einnig sérkennilegt því Noregur sendi landsmarkmið um 50 – 55% samdrátt í losun í febrúar 2020. Erfitt er að sjá að tal íslenskra ráðamanna um samflot með Evrópusambandinu og Noregi eigi sér stoð í raunveruleikanum.

### Skemmtiferðaskip

Á bls. 12 er fjalað um skemmtiferðaskip sem sigla um svæði sem

...ekki hafa verið kortlögð með fullnægjandi hætti og fylgir því aukin áhætta fyrirskipaumferð. Minni háttar líkur eru þó taldar á atvikum sem tengjast farþegaskipi í háska, en afleiðingar slíkra slysa gætu orðið mjög alvarlegar.“

Ennfremur segir:

Skemmtiferðasiglingar eru öruggur ferðamáti þótt yfirleitt sé mikill fjöldi farþega um borð, allt að fimm þúsund manns, og ekki liggja fyrir áætlanir sem gera ráð fyrir öruggri björgun svo margra farþega. Ef slys yrði við slíkar aðstæður mundi Landhelgisgæslan senda allar tiltækar einingar á staðinn og óska eftir aðstoð nærstaddra skipa og erlendra björgunaraðila. Landhelgisgæslan hefur nú á að skipa tveimur öflugum varðskipum með mikla dráttargetu. Hugsanlega gæti hver þyrlla Landhelgisgæslunnar flutt um 40–50 manns. Varðskip gæti verið allt að tvo sólarhringa að sigla á slysstað og marga klukkutíma eða jafnvel sólarhringa tæki fyrir erlenda viðbragðsaðila að komast á vettvang.


Að ofansögðu er ljóst að Ísland hefur ekki miklar varnir verði alvarlegt mengunarslys í íslenski lögsögu. Verði sjóslys og svartolíua fari í sjóinn verður ákaflega erfitt að afstýra mikilli olíumengun. Í fyrsta lagi vegna þess að mjög erfitt er að hreinsa svartolíu úr sjó og í

<sup>1</sup> Landsframlag Ísland, dags. 18. febrúar, sent skrifstofu Loftslagssamningsins í Bonn

<sup>2</sup> Frans Timmerman, loftslagsstjóri Sambandsins tilkynnti á COP27 að markmið ESB um samdrátt í losun yrði aukið úr 55% í 57%.

öðru lagi, með það í huga að fimm dagar líða áður en björgunarskip nært til landsins, gæti skaðinn orðið óbætanlegur.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Árni Finnsson', written in dark ink on a white background.

Árni Finnsson